



## 369. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 20. maí 2010. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þuríður Backman, Árni Johnsen, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir, Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna V. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Lilja Jónasdóttir lögfræðingur mætti vegna 3. dagskrárliðar.

### 1. Staða framkvæmda við snyrtingar og kirkju.

Þjóðgarðsvörður kynnti stöðu framkvæmda. Búið er að flytja bæði snyrtihúsin austur á Hak og koma hreinsibúnaði niður. Samþykkt var tillaga um að standsetja aðeins annað snyrtihúsið og verður sú ákvörðun endurskoðuð í haust með tilliti til fjárhagsstöðu þjóðgarðsins. Vinna við kirkjulóð og lýsingu fer af stað í lok maí og er stefnt að verklokum fyrir miðjan júní. Biskup Íslands mun messa þann 17. júní í Þingvallakirkju.

Farið var yfir verkefnalista sem samþykktur var á síðasta fundi og ákveðið að fresta deiliskipulagi, skiltagerð og merkingum innan þjóðgarðsins. Viðhald á göngustígum verður skorið niður. Að öðru leyti verður unnið eftir fyrirbyggjandi verkefnalista.

Formaður lagði til að leigð yrðu salerni og sett upp á Valhallarreit. Samþykkt. Valgerður Bjarnadóttir greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Vegna vísbendinga um samdrátt í komum erlendra ferðamanna til Íslands var ákveðið að lækka áætlun um sértekjur í fjárhagsáætlun um 1,5 m. kr.

### 2. 80 ára afmæli þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum verður 80 ára þann 26. júní 2010. Stefnt er að því að blása til hugmyndasamkeppni um nýtingu Valhallarreits og kalla eftir hugmyndum almennings inn á borð nefndarinnar. Nú þegar hefur nefndin fengið fjölda erinda er varða uppbyggingu innan þjóðgarðsins. Formanni og þjóðgarðsverði er falið að leggja drög að dagskrá fyrir afmæli þjóðgarðsins og falið að kynna forseta Alþingis og forsætisráðherra þær fyrirætlanir.

Rætt um þann skaða sem þjóðgarðurinn varð fyrir við bruna Valhallar. Valhöll var mikilvægur hluti af gæðum þjóðgarðsins og eftir bruna hússins hafa innviðir þjóðgarðsins því rýrnað. Nefndin telur full rök til þess að tryggingabætur renni til uppbyggingar í þjóðgarðinum eins og áskilið er skv. brunatryggingum. Formanni og þjóðgarðsverði falið að taka málið upp við forsætisráðuneytið.

Ragnheiður Elín mætir kl. 11.25

### **3. Staða viðræðna og undirbúnings að nýjum lóðarleigusamningum og byggingarskilmálum.**

Ólafur Örn Haraldsson og Lilja Jónasdóttir hafa átt fundi með fulltrúum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Umhverfisstofnunar og lóðarleiguhöfum vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á lóðarleigusamningum og byggingarskilmálum innan þjóðgarðsins. Á fundunum var farið yfir forsendur nýrra samninga, óskað óskað eftir afstöðu viðkomandi aðila og kallað eftir athugasemdum.

Stutt lýsing á fundum og þeim athugasemdum sem þar komu fram;

*Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.* Elsa Ingjaldsdóttir og Birgir Þórðarson bentu á að reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns, sbr. reglugerð nr. 449/2009, gerir mjög ríkar kröfur um fráveitur og skólp á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns og ávallt skuli afla leyfis stofnunarinnar fyrir búnaði sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun skólps sem fyrirhugað er að beita á svæðinu. Frá og með 1. janúar 2020 skulu öll hús á svæðinu uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Þingvallanefnd getur ekki veitt undanþágur frá þessum kröfum eftirlitsins, einungis sett þrengri reglur.

Þingvallanefnd telur að gera þurfi heildstæða úttekt á rotþróum og vatnsöflun innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðsverði var falið að finna mann í verkið, en hann myndi ganga á milli sumarhúsa og staðsetja rotþrær og afla upplýsinga um vatnsöflun. Verkið yrði unnið í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands en á kostnað þjóðgarðsins.

*Bláskógabyggð.* Á fundinum voru Valtýr Valtýsson, Margeir Ingólfsson, Pétur I. Haraldsson og Helgi Kjartansson. Fram kom að skv. samþykktum Bláskógabyggðar má nýtingarhlutfall lóða á sumarhúsasvæðum ekki vera meira en 3% af flatarmáli lóðar. Fylgja ber þessu hámarki við endurgerð lóðarleigusamninga í þjóðgarðinum.

Samþykkt var á fundinum að Þingvallanefnd verði ekki send erindi til afgreiðslu fyrr en fyrir liggur afstaða sveitarfélagsins til þess hvort að umsókn uppfyllir skilyrði laga, reglugerða og fyrirliggjandi byggingarskilmála.

*Grímsnes- og Grafningshreppur.* Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri. Farið að miklu leyti yfir sömu mál og með Bláskógabyggð.

*Umhverfisstofnun.* Ólafur Jónsson og Kristín S. Jónsdóttir. Umhverfisstofnun bauð fram aðstoð við stígagerð innan þjóðgarðsins, þjóðgarðinum að kostnaðarlausu. Þjóðgarðsvörður þáði þetta boð með þökkum.

*Lóðarleiguhafar.* Búið er að halda fund með félagi sumarhúsaeigenda í landi Kárastaða en stefnt er að fundi í lok maí með fulltrúm Vallhallarstígs. Af hálfu lóðarleiguhafa hafa komið fram fyrirspurnir um það hverjar séu fyriráætlanir Þingvallanefndar gagnvart frístundabyggð innan þjóðgarðsins. Vísað var til stefnumörkunar þjóðgarðsins 2004-2024. Af hálfu forsvarsmanns í Gjábackalandi var krafa um lagningu rafmagn innan svæðisins ítrekuð.

Var aðilum bent á að koma sem fyrst með skriflegar ábendingar til nefndarinnar.

Samantekt. Vinna við endurskoðun lóðarleigusamninga og byggingarskilmála er nokkuð á veg komin og er ljóst að nefndin þarf að taka afstöðu til nokkurra atriða. Meta þarf hvaða skuldbindingar íslenska ríkið hefur undirgengist gagnvart frístundabyggð þeirri er hér um ræðir með skráningu þjóðgarðsins á heimsminjaskrá Unesco og að hvaða leyti taka þurfi tillit til þeirra skuldbindinga við endurnýjun lóðarleigusamninga og byggingarskilmála. Ákveðið óska eftir umsögn frá lögfræðingi ráðuneytis Heimsminjanefndar um þetta mál.

Oddný Harðardóttir mætir kl. 12.00.

#### **4. Önnur erindi.**

Samþykkt að erindi sem varða breytingar á sumarhúsum verði tekin tekin til afgreiðslu þegar grenndarkynningum er lokið og niðurstaða sveitarfélagsins liggur fyrir, sbr. fund með fulltrúum Bláskógabyggðar.

Samþykkt var að fundarhlé yrði í júlí og ágúst hjá nefndinni.

Stefnt er að því að halda fund um miðjan júní á Þingvöllum.

Lögð fram skýrsla Náttúrufræðistofu Kópavogs um vöktun á vatnasvæði Þingvallavatns. Skýrslan verður birt á vef þjóðgarðsins.

Vegagerð um Lyngdalsheiði. Þjóðgarðsverði og Einari Á. Sæmundsen falið að funda með Vegagerðinni vegna vegarins. Lagfæra þarf aðkomu frá Arnarfelli. Stefnt er að opnun vegsins í haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið 12.20.

